

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 74/2009****2009/EES/47/20****frá 29. maí 2009****um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2009 frá 17. mars 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1260/2008 frá 10. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) nr. 23 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1261/2008 frá 16. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal) nr. 2 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1262/2008 frá 16. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegra túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) nr. 13 ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1263/2008 frá 16. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar túlkun alþjóðlegra túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) nr. 14 ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1274/2008 frá 17. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) nr. 1 ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 53/2009 frá 21. janúar 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) nr. 32 og IAS-staðal nr. 1 ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 17.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 21.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 25.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 3.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 17, 22.1.2009, bls. 23.

- 9) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2009 frá 23. janúar 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS-staðli) nr. 1 og alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) nr. 27 ⁽¹⁾.
- 10) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2009 frá 23. janúar 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum) ⁽²⁾.
- 11) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1126/2008 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 1725/2003 ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Liður 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1725/2003) í XXII. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 R 1126:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 frá 3. nóvember 2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 (Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1) eins og henni var breytt með:

- **32008 R 1260:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1260/2008 frá 10. desember 2008 (Stjtið. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 10),
- **32008 R 1261:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1261/2008 frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 17),
- **32008 R 1262:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1262/2008 frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 21),
- **32008 R 1263:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1263/2008 frá 16. desember 2008 (Stjtið. ESB L 338, 17.12.2008, bls. 25),
- **32008 R 1274:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1274/2008 frá 17. desember 2008 (Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 3),
- **32009 R 0053:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 53/2009 frá 21. janúar 2009 (Stjtið. ESB L 17, 22.1.2009, bls. 23),
- **32009 R 0069:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2009 frá 23. janúar 2009 (Stjtið. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 10),
- **32009 R 0070:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2009 frá 23. janúar 2009 (Stjtið. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1126/2008, 1260/2008, 1261/2008, 1262/2008, 1263/2008, 1274/2008, 53/2009, 69/2009 og 70/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. maí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 21, 24.1.2009, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 261, 13.10.2003, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. maí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.